

Sp.

260. Fyrirspurn

[243. mál]

til fjármálaráðherra um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Salome Þorkelsdóttur,
Haraldi Ólafssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve mikil skerðing hefur að raungildi orðið á lögboðnum framlögum til:
 - a. Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1983,
 - b. Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1986?Skerðing samkvæmt ákvæðum lánsfjárlaga hvert ár um sig óskast tilgreind, svo og heildarskerðing öll árin miðað við verðlag 1. nóv. 1986.
2. Hverjar hafa verið tekjur af erfðafjárskatti að raungildi frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986? Hve mikið af þeirri fjárhæð hefur runnið til framkvæmda í þágu fatlaðra?
3. Hver hafa verið heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986?